

Álitsgerð STS í upphaf vinnu við endurskoðun laga um tónlistarskóla nr. 75/1985 með áorðnum breytingum.

Ritað í framhaldi af fundi samtakanna þann 26. mars 2004.

Inngangur

Menntamálaráðherra hefur þann 1. mars 2004 skipað nefnd sem ætlað er að endurskoða lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 með áorðnum breytingum. Samtök tónlistarskólustjóra (STS) eiga einn fulltrúa af sex í nefndinni.

Verkefni nefndarinnar skv. skipunarbréfi er eftirfarandi:

Nefndinni er ætlað „að endurskoða lög um fjárhagslegan stuðning við Tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum og semja frumvarp til nýrra laga um tónlistarskóla er komi í stað fyrrgreindra laga.“

Markmið þessarar greinargerðar er að skýra sjónarmið Samtaka tónlistarskólustjóra í þessari vinnu og leggja mat á það umhverfi sem tónlistarfræðslunni í landinu er skapað með lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Athugasemd STS við efni skipunarbréfs

STS vill strax í upphafi gera athugasemd við óljósa skilgreiningu á verkefni nefndarinnar. Samkvæmt skipunarbréfi er nefndinni bæði ætlað að endurskoða lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla svo og að semja nýtt lagafrumvarp um skólana, sem væntalega kæmi í stað þeirra endurskoðuðu laga sem nefndin hefur unnið að. STS túlkar þessi ákvæði svo að hér sé fyrst og fremst verið að vinna að endurskoðun núgildandi laga og að lokaáfangi þessarar vinnu, samkvæmt skipunarbréfi, sé að leggja fram tillögur til breytinga á núgildandi lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Hvaða þörf hefur tónlistarfræðslan á Íslandi fyrir lagaramma?

Blómlegt tónlistarlíf á Íslandi nútímans er öflugri tónlistarfræðslu að þakka. Aðgangur þjóðfélagsþegnanna að tónlistarfræðslu er tryggður með lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Tónlistarfræðsla var ekki aðgengileg fyrir almenning fyrir þann tíma er lögin voru sett, það er

Því ljóst að ef hægt á að vera að veita þessa þjónustu þarf lagarammi að vera til staðar.

Hvernig á slíkur lagarammi að líta út?

STS álítur að núverandi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla uppfylli þau skilyrði að skapa nauðsynlegan lagaramma til þess að blómleg tónlistarfræðsla sé á Íslandi. Lögin eru einföld og skýr. Gagngerar breytingar á þeim eru ekki nauðsynlegar. Tónlistarskólarnir hafa, innan ramma þessara laga, þróað starf á forsendum sinna eigin starfsaðferða og staðblæs (organisational culture) sem nauðsynlegt er til að ná árangri. Árangur og skipulag íslenskrar tónlistarfræðslu í tónlistarskólum hefur vakið athygli erlendis, ekki síst fyrir hentuga umgjörð laga. STS leggur því áherslu á að öll vinna við nýja lagasetningu gangi útfrá núgildandi lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, og að hugsanlegar breytingar á lögnum miðist ætíð við að bæta tónlistarfræðslu og aðgang að henni útfrá þeim starfsaðferðum sem tónlistarfræðslan viðhefur og sýnt hefur að gefur góðan árangur.

Íslensk tónlistarfræðsla hefur einnig rekstrarramma í Aðalnámsskrá tónlistarskóla svo og í kjarasamningum kennara. Þessi atriði til viðbótar lögnum skapa fullnægjandi ramma um starf tónlistarskólanna að mati STS.

Skyldleiki lagasetningar tónlistarskóla við leik-, grunn- og framhaldsskóla

Leikskóli, grunnskóli og framhaldsskóli á Íslandi hafa lagaumgjörð sem oft er reynt að heimfæra upp á tónlistarskóla. Hér er sérstaklega tekið til aldursskiptingar á hinum mismunandi skólastigum. Tónlistarfræðsla lýtur ekki sömu lögmálum og önnur fræðsla. Námsþrep eru ekki eins afgerandi hvað aldur varðar. Byrjendur geta t.d. af líffræðilegum ástæðum ekki stundað söngnám fyrir en á „framhaldsskólastigi“. Sömuleiðis geta börn sem byrjað hafa hljóðfæranám snemma náð „framhaldsskólastigi“ í færni löngu áður en hefðbundnum framhaldsskólaaldri er náð.

Að þessu gefnu er ljóst að ekki er hægt að nota sömu viðmið í lagasetningu um tónlistarfræðslu og um fræðslu í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Það er ljóst að lagasetning verður ætíð að taka mið af þeim veruleika sem hún á byggja ramma um. Staðblær og vinnuáferðir tónlistarfræðslunnar eru þess eðlis að ekki er hægt að nota sömu viðmið og í annarri fræðslu. Þetta skapar á hinn bóginn sérstakar aðstæður fyrir þá sem þjónustuna kosta, ríki og sveitarfélög, eins og kemur fram síðar.

Aðrar listgreinar

Tónlist og listdans eru þær listgreinar sem krefjast færniþjálfunar frá unga aldri til að hægt sé að ná árangri við iðkun þeirra. Tónlist nær þó til breiðari hóps en listdans. Listdansinn gerir meiri kröfur um líkamlega byggingu iðkenda og nær því ekki til allra þeirra sem tónlistin nær til. Aðrar listgreinar hafa ekki sömu þörf á færniþjálfun frá unga aldri. Það er því mikilvægt að eigi tónlist að þrífast á Íslandi verði skilyrðum tónlistarfræðslunnar ekki blandað saman við þarfir annarra listgreina.

Aðgengi að tónlistarfræðslu

STS álítur að jafnrétti til tónlistarnáms sé sjálfsögð forsenda í íslensku þjóðfélagi. Tónlistarskólar eru fyrir alla, líkt og aðrir skólar, þar með taldir skólar þar sem fullorðnir stunda nám með opinberri niðurgreiðslu, háskóli, framhaldsskólar, öldungadeildir svo og námsflokkar af ýmsum gerðum. Eins og sagt hefur verið áður hefur tónlistarfræðslan um margt vinnuaðferðir er ganga þvert á viðteknar skilgreiningar á skólastigum og skólaaldri. Það er nauðsynlegt í allri vinnu um hugsanlegar breytingar á lögum um tónlistarskóla að tekið sé tillit til vinnuaðferða tónlistarfræðslunnar og að ekki séu byggðir múrar fyrir þá er tónlistarnám vilja stunda.

Kostnaður við tónlistarfræðslu

Samkvæmt núgildandi lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla greiða sveitarfélög kostnað við laun kennara. Rekstraraðilar skólanna, þ.m.t. sveitarfélög, ákveða síðan sjálf gjaldtöku vegna náms við þá sem standa á undir öðrum kostnaði við rekstur. Í umræðum um hver á að greiða kostnað við tónlistarfræðsluna hefur STS tekið eftir því að ágreiningur virðist ríkja milli sveitarfélaga og ríkis um framtíðarskiptingu kostnaðar við tónlistarfræðslu. STS álítur að þessi kostnaðarskipting sé fyrst og fremst mál þessara aðila. Þó vill STS í því sambandi benda á að nauðsynlegt er að kostnaðarskipting í framtíðinni verði ekki til þess að skapa erfiðleika og hindranir í reksti tónlistarskólanna og/eða falda eða opna stjórnsýslukostnaðaraukningu fyrir sveitarfélög og/eða ríki. Því vill STS leggja til að ríki og sveitarfélög geri upp um kostnaðarskiptingu með einfaldri prósentuskiptingu innan laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.